



KURTEISI

ÁBYRGÐ

SAMVINNA

STARFSÁÆTLUN 2010

Efnisyfirlit

Bls. 3.....	Formáli
Bls. 4	Skólamenning Hvaleyarskóla
Bls. 5	Hlutverk og meginmarkmið
Bls. 6	Útlistun á stefnukorti
Bls. 7	Stefnukort Hvaleyarskóla
Bls. 8	Árangursmarkmið og mælikvarðar 2010
Bls. 12	Mælikvarðar skorkorts
Bls. 13	Tímabundin umbótaverkefni
Bls. 14	Áætlun um sjálfsmat 2010
Bls. 15.....	Umbótaáætlun 2009-2010
Bls. 19.....	Símenntunaráætlun 2010
Bls. 21.....	Yfirlit um símenntun 2009

Formáli

Frá stofnun Hvaleyrarskóla árið 1990 hefur áhersla verið lögð á þátttöku starfsfólks í mati á innra starfi og umbótum. Fyrstu árin fór matið aðallega fram að vori þegar starfsfólk vann saman í hópum að því að draga fram hvað hafði tekist vel og hvað farið miður í skólastarfinu þann veturinn. Stjórnendur unnu úr niðurstöðum starfsfólks og byggðu umbætur næsta skólaárs á þeim. Einnig var mikil áhersla lögð á að skapa sameiginlega sýn starfsfólks sem skólastjórnendur minntu á og unnu með á markvissan hátt.

Árin 2000-2001 var áfram unnið að þróun innra mats með aðstoð Jóns Baldvins Hannessonar skólaráðgjafa og Erlu Guðjónsdóttur sem þá starfaði sem ráðgjafi um innleiðingu innra mats á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Gerður var samningur við Benedikt Sigurðarson um kaup á matstækini Grunn-Skólarýni sem innihélt ýmsar kannanir á tölvutæku formi. Frá árinu 2001 hafa kannanir verið lagðar fyrir starfsfólk og foreldra auk SVÓT greiningar að vori. Markvisst hefur verið unnið með niðurstöður og umbætur verið unnar í kjölfarið.

Frá ársbyrjun 2007 hefur Hvaleyrarskóli tekið þátt í verkefni um árangursstjórnun. Í því felst að unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnum mælikvörðum, kannanir eru lagðar fyrir hagsmunaaðila og umbætur ákveðnar í kjölfar niðurstaðna. Í upphafi verkefnisins var Vilhjálmur Kristjánsson fenginn til ráðgjafar um mótun stefnukorts og árangursmælikvarða en upp frá því hefur árangursteymi skólans þróað mælikvarða og mælitæki enn frekar. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk árið 2009 og áætlun um umbætur var unnin í kjölfar niðurstaðna. Unnið verður að því að efla og bæta það sem betur má fara á komandi skólaári, áfram verður unnið að þróun og endurskoðun mælikvarða auk þess sem mikil áhersla er á innleiðingu SMT skólafærni. Fjórða ár innleiðingarferlisins er nú hafið og mun áherslan verða á lausnaleit og stofnun lausnateyma. Á síðasta skólaári hófst þróun kennsluúrræðis fyrir nemendur með hegðunarraskanir í skólanum og mun það þróast áfram í vetur þegar við beinum athyglinni að efsta lagi SMT þríhyrningsins. Innleiðingarferlið hefur haft sýnileg áhrif á stefnu skólans og því finnst okkur við hæfi að allt starfsfólk vinni í sameiningu að nýrri framtíðarsýn skólans á þessum tímamótum en skólinn fagnar sínu tuttugasta starfsári í ár. Tekin hefur verið ákvörðun um að vinna áfram í anda árangursstjórnunar þrátt fyrir að samningur við Hafnarfjarðarbæ renni út árið 2010. Við kappkostum að vinna ávallt faglegt og metnaðarfullt starf og gera okkar besta til að finna jákvæðar lausnir sem nýtast nemendum okkar, starfsfólki og nærsamfélaginu.

Skólamenning Hvaleyrarskóla

Skólamerkið

sýnir þrjár hendur (KBF) kennara, barna og foreldra mynda þétt handtak sem táknar öflugt, traust og jákvætt samstarf heimila og skólans.



Einkunnarorð skólans

KURTEISI
ÁBYRGÐ
SAMVINNA

vísa okkur veginn í daglegum samskiptum.

Við komum fram við aðra eins og við viljum að þeir komi fram við okkur

Hlutverk Hvaleyarskóla

Að veita grunnskólabörnum í hverfinu kennslu við hæfi hvers og eins og búa þau undir framtíðina. Einnig að móta þroskavænlegt umhverfi þar sem ríkir áhugi og metnaður meðal starfsfólks og nemenda.

Meginmarkmið Hvaleyarskóla

- Að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavekjandi nám fyrir **alla** nemendur þar sem áhersla er lögð á öflun þekkingar, skilning og færni.
- Að veita eins góða þjónustu og kostur er og forgangsraða í þágu nemenda.
- Að stefna ávallt að hámarks árangri og hafa fagmennsku í fyrirrúmi.
- Að stuðla að jákvæðri samvinnu og góðu upplýsingastreymi.
- Að stuðla að sífelldri þróun og umbótum.



Útlistun á stefnukorti

Þjónusta

Menntun við hæfi hvers og eins: *Við leitumst við að laga námið að þörfum allra nemenda.*

Þroskavænlegt og vinalegt umhverfi: *Við styrkjum jákvæða hegðun með agakerfinu SMT (School management training). Við kennum nemendum að tjá skoðanir sínar og koma fram í ræðupúlti með kennslu í markvissri málörvun.*

Heilsuvænn skóli: *Við leggjum áherslu á holla hreyfingu, heilbrigðan lífsstíl og hollt mataræði.*

Fjármál

Markviss áætlanagerð: *Við byggjum fjárhagsáætlun á starfsáætlun skólans, en þar koma áherslur okkar fram.*

Ábyrg nýting fjármuna: *Við leitum ávallt hagkvæmustu leiða og gætum þess að rekstur sé innan fjárhagsheimilda.*

Ferli

Fagleg og lýðræðisleg vinnubrögð: *Við hlustum á raddir allra og tökum faglegar ákvarðanir.*

Jákvæð samvinna: *Við leggjum áherslu á gott samstarf bæði innan og utan skólasamfélagsins.*

Umbætur á grundvelli mats á skólastarfi: *Skólinn okkar er í stöðugri þróun. Kannanir eru lagðar fyrir árlega og árangursmælikvarðar endurskoðaðir við gerð starfsáætlunar ár hvert. Umbætur eru ákveðnar í ljósi niðurstaðna.*

Virkt upplýsingaflæði: *Við notum fjölbreyttar aðferðir við upplýsingamiðlun og erum hvert og eitt ábyrg fyrir því að vera virk og fylgjast með.*

Skýr úrræði: *Við höfum skýrar og aðgengilegar viðbragðsáætlanir og verkferla.*

Mannauður

Virk sýmenntun og starfsþróun: *Við vinnum sýmenntunaráætlun út frá stefnu skólans, mati á skólastarfi og umbótaáætlunum. Við hvetjum fólk til starfsþróunar og hliðrum til eins og kostur er.*

Samábyrgð og stuðningur: *Við erum meðvituð um að við erum öll í sama liði og berum sameiginlega ábyrgð á gengi og líðan annarra. Við erum óhrædd við að leita eftir stuðningi frá samstarfsmönnum okkar.*

Hvetjandi starfsumhverfi: *Við tökum undir góðar hugmyndir og hrósum hvert öðru. Við ýtum undir nýsköpun og framsækni með styðjandi og jákvæðu umhverfi.*

Stefnukort Hvaleyrrarskóla

Þjónusta

Menntun
við hæfi hvers og eins

Þroskavænlegt og
vinalegt umhverfi

Heilsuvænn skóli

Fjármál

Fagleg og lýðræðisleg
vinnubrögð

Markviss
áætlanagerð

Ábyrg nýting
fjármuna

Jákvæð
samvinna

Ferli

Umbætur byggðar
á mati á skólastarfi

Virkt
upplýsingaflæði

Skýr úrræði

Virk símenntun
og starfspróun

Mannauður

Hvetjandi
starfsumhverfi

Samábyrgð og
stuðningur

Árangursmarkmið 2010

<i>Þjónusta</i>								
markmið	mælikvarðar	leiðir	viðmið	R.08	R.09	R.10	umsjón	
Menntun við hæfi hvers og eins	Hlutfall nemenda sem fá menntun við hæfi.	Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur.	95%	87%	81%		Árangursteymi leggur fyrir kannanir og vinnur úr niðurstöðum.	
		Viðhorfskönnun lögð fyrir foreldra.	95%	96%	95%			
		Viðhorfskönnun lögð fyrir starfsfólk.	95%	88%	81%			
	Hlutfall nemenda sem telja sig fá fjölbreytt verkefni í skólanum	Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur.	85%	79%	70%			
Heilsuvænn skóli	Hlutfall nemenda sem taka þátt í skólamötuneyti.	Skráning skoðuð	75%	63%			Skólastjórar	
		Hlutfall nemenda sem fá fræðslu um heilbrigða lífshætti.	Viðhorfskönnun lögð fyrir starfsmenn.	100%	100%	100%		Árangursteymi
		Hlutfall nemenda sem telur sig fá reglulega fræðslu um heilbrigða lífshætti	Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur	90%	74%	74%		Árangursteymi

Þjónusta

markmið	mælikvarðar	leiðir	viðmið	R.08	R.09	R.10	umsjón
Þroskavænlegt og vinalegt umhverfi	Hlutfall nemenda sem telur að samskipti séu góð	Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur	90%	88%	89%		Deildarstjórar
	- milli nemenda	Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur.	90%	86%	81%		
	-við kennara	Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur.	90%	81%	78%		
	-við skólaliða og annað starfsfólk		90%	87%	85%		Árangursteymi
	Hlutfall foreldra sem telur að samskipti milli nemenda séu góð	Viðhorfskönnun lögð fyrir foreldra.	95%	74%	69%		Árangursteymi
	Hlutfall nemenda sem telur sig geta leitað til starfsmanna ef e-ð er að	Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur	85%	88%	82%		Árangursteymi
	Hlutfall nemenda sem telur sig fara eftir skólareglum	Viðhorfskönnun nemenda	95%	90%	90%		Árangursteymi
	Hlutfall nemenda sem líður vel.	Viðhorfskönnun nemenda	95%	90%	94%		Árangursteymi
	Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með skólann.	Viðhorfskönnun foreldra	95%	95%	91%		Árangursteymi
	Hlutfall nemenda sem fá reglulega kennslu í markvissri málörvun.	Kennsluáætlanir og stundaskrár yfirfarnar.	100%	100%	100%		Verkefnisstjóri í Markvissri málörvun
Hlutfall nemenda sem telja sig fá reglulega kennslu í markvissri málörvun		90%	88%	74%		Árangursteymi	

Fjármál								
markmið	mælikvarðar	leiðir	viðmið	R.08	R.09	R.10	tími	umsjón
Ábyrg nýting fjármuna	Frávik frá fjárhagsáætlun.	Markvisst eftirlit og íhlutun ef sést að rekstur sé að fara fram úr samþykktum fjárheimildum	+/- 0,5%	+ 6% miðað við stöðu í sept			Mars, júní, sept., des.	Skólastjóri og ritari.

Ferli								
markmið	mælikvarðar	leiðir	viðmið	R.08	R.09	R.10	umsjón	
Virkt upplýsingaflæði	Hlutfall starfsfólks sem er ánægt með upplýsingaflæði innan skólans	Viðhorfskönnun starfsfólks lögð fyrir	90%	82%	76%		Árangursteymi	
	Hlutfall foreldra sem nýta sér upplýs. í Mentor	Viðhorfskönnun lögð fyrir foreldra	80%	71%	77%		Árangursteymi	
	Tíðni fréttu á vefsíðu skólans	Fréttir taldar	3 p/viku	3 p/viku	Mánaðarlega		Skólastjóri	
	Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með upplýsingagjöf skólans	Viðhorfskönnun lögð fyrir foreldra	90%	88%	92%		Árangursteymi	
Fagleg og lýðræðisleg vinnubrögð	Hlutfall starfsfólks sem telur sig fá tækifæri til þess að hafa áhrif á ákvarðanir	Viðhorfskönnun starfsfólks	90%	58%	74%		Árangursteymi	
Umbætur byggðar á mati á skólastarfi	Árleg skil á umbótaáætlun / starfsáætlun	Gögn skoðuð	100%	100%	100%		Árangursteymi	
Skýr úrræði	Hlutfall starfsfólks sem telur að skýr úrræði séu til staðar	Viðhorfskönnun starfsfólks	90%	26%	41%		Árangursteymi	

<i>Ferli</i>							
markmið	mælikvarðar	leiðir	viðmið	R.08	R.09	R.10	umsjón
Jákvæð samvinna	Hlutfall starfsfólks sem telur sig eiga gott samstarf við vinnufélaga	Viðhorfskönnun starfsfólks	90%	98%	100%		Árangursteymi

<i>Mannauður</i>							
markmið	mælikvarðar	leiðir	viðmið	R.08	R.09	R.10	umsjón
Samábyrgð og stuðningur	Hlutfall starfsfólks sem líður vel.	Viðhorfskönnun starfsfólks	95%	95%	100%		Árangursteymi
Virk símenntun og starfsþróun	Hlutfall starfsfólks sem telur sig eiga kost á starfsþróun	Viðhorfskönnun starfsfólks	90%	79%	81%		Árangursteymi
Hvetjandi starfsumhverfi	Hlutfall starfsfólks sem telur sig fá hrós og hvatningu reglulega frá yfirmönnum og samstarfsfólki	Viðhorfskönnun starfsfólks	90%	74% Y 70% S	82 Y 72%		Árangursteymi

Mælikvarðar skorkorts Hvaleyrarskóla

- Hlutfall nemenda sem fá menntun við hæfi
- Hlutfall nemenda sem telja sig fá fjölbreytt verkefni í skólanum
- Hlutfall nemenda sem telja góð samskipti vera á milli nemenda
- Hlutfall nemenda sem telur sig eiga góð samskipti við kennara
- Hlutfall nemenda sem telur sig eiga góð samskipti við skólaliða og annað starfsfólk
- Hlutfall foreldra sem telja að samskipti milli nemenda séu góð
- Hlutfall nemenda sem telur sig geta leitað til starfsmanna ef eitthvað er að
- Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með skólann
- Hlutfall nemenda sem líður vel
- Hlutfall nemenda sem fá reglulega kennslu í markvissri málörvun
- Hlutfall nemenda sem taka þátt í skólamötuneyti
- Hlutfall nemenda sem fá fræðslu um heilbrigða lífshætti
- Hlutfall nemenda sem telja sig fá fræðslu um heilbrigða lífshætti

- Hlutfall starfsfólks sem er ánægt með upplýsingaflæði innan skólans
- Hlutfall foreldra sem nýta sér upplýsingakerfið Mentor
- Tíðni fréttu á vefsíðu skólans
- Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með upplýsingagjöf skólans
- Hlutfall starfsfólks sem telur sig fá tækifæri til þess að hafa áhrif á ákvarðanir
- Árleg skil á umbótaáætlun / starfsáætlun
- Hlutfall starfsfólks sem telur að skýr úrræði séu til staðar
- Hlutfall starfsfólks sem telur sig eiga gott samstarf við vinnufélaga

- Frávik frá fjárhagsáætlun

- Hlutfall starfsfólks sem líður vel
- Hlutfall starfsfólks sem telur sig eiga kost á starfsþróun
- Hlutfall starfsfólks sem telur sig fá hrós og hvatningu reglulega frá yfirmönnum og samstarfsfólki

Áætlun um sjálfsmat 2010



Spurningalistar um viðhorf foreldra til skólstarfsins lagðir fyrir

Viðhorfskönnun lögð fyrir alla nemendur í 5.-10. bekkjum

Starfsmannasamtöl fara fram undir stjórn skólustjóra.

Viðhorfskönnun lögð fyrir alla starfsmenn skólans.

SVÖT-greining, styrkleikar og veikleikar helstu þátta skólstarfsins greindir.

Umbótaáætlun byggð á niðurstöðum sjálfsmats.

Umbótaáætlun kynnt fyrir starfsfólki skólans. Hafin vinna við gerð starfsáætlunar.

Umbótaáætlun skólans endurskoðuð. Stefnumótun staðfest í starfsáætlun.

Starfsáætlun lokið ásamt áætlun um símenntun. Fjárhagsáætlun unnin.

Unnið að skólaþróun – áhersla á forystuskólaverkefnið Markvissa málörvun og innleiðingu agastýringarkerfisins SMT

Jan Feb Mars Apríl Maí Júní Júlí Ágúst Sept Okt Nóv Des

Umbótaáætlun 2009 - 2010

Markmið	Verkefni	Leiðir	Umsjón	Tími /Staða
Tekið er á vandamálum einstakra nemenda	33% starfsfólks telja að taka þurfi betur á málum einstakra nemenda.	Þróa þarf áfram úrræði fyrir nemendur sem ekki rekast inni í bekk	Skólastjórnendur í samstarfi við Sérkennsluteymi	Í vinnslu: Sérkennsluteymi hefur unnið að þróun úrræðisins. Unglingadeild hefur nú einnig aðgang að Björginni. Unnið verður áfram að þróun á þessu skólaári. Meðal þess sem verið er að þróa eru verklagsreglur fyrir teymi sem stofnuð eru utan um þá nemendur sem dvelja í úrræðinu, hverjir sitja í teyminu, hvernig upplýsingamiðlun er háttað, hvernig samstarfi kennara innan og utan Bjargar er háttað o.s.frv. SMT: Unnið er með efsta lag SMT þríhyrningsins í vetur með áherslu á lausnaleit.
Skólinn mætir þörfum allra nemenda	48% starfsfólks telur skólann ekki mæta þörfum allra nemenda	Skilgreina þarf betur hvað felst í að mæta þörfum nemenda. Vinna þarf áfram að þróun á sérkennsluúrræði skólans og stofnun aðhaldsteyma um nemendur.	Skólastjórnendur í samstarfi við Sérkennsluteymi	Í vinnslu: Parfir varðandi hegðun: Áhersla á SMT. Haldin er nákvæm skráning um agabrot og aðhaldsfundir haldnir þegar þörf krefur. Nemendur geta fengið sérkennslu í reglum og/eða unnið uppþótarverkefni. Líðan nemenda: Eineltisteymi hefur endurskoðað áætlun um viðbrögð við einelti og gert hana opinbera á heimasíðu skólans og í vegvísi. Plaköt hafa verið hengd í hverja stofu. Kynning á viðbrögðum við einelti fer fram í öllum bekkjum og haldin er forvarnavika þar sem sérstaklega er unnið með samskipti og varnir gegn einelti. Áherslur SMT á jákvæða hegðun nemenda styður heilbrigða líðan nemenda ásamt því að starfsfólk getur leitað til SMT teymis um aðstoð við úrlausn mála. Hægt er að visa málum til Nemendaverndarráðs ef þurfa þykir. Námslegar þarfir: Sérkennsluteymi greinir námslegar þarfir nemenda og ákvarðar þann stuðning sem nemendur fá. Hægt er að leita til teymisins um ráðgjöf og aðstoð við úrlausn mála sem varða námsframvindu nemenda. Auk þess er hægt að leita til Nemendaverndarráðs. Áhersla verður lögð á fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati í símenntun kennara í vetur,

Markmið	Verkefni	Leiðir	Umsjón	Tími /Staða
Öryggi starfsfólks og nemenda	Aðstoð er ekki alltaf tiltæk þegar aðstæður koma upp í skólastarfinu sem starfsfólk ræður ekki við. Gangaverði vantar í unglíngadeild og á sérgreina-ganga.	Skýrar boðleiðir og verklagsreglur þurfa að vera til staðar um viðbrögð okkar við aðstæðum. Hvernig eru mál leyst? Hvert er hlutverk hvers og eins? Hvert er hægt að leita? Uppröðun og starfslýsing gangavarða þarf að endurskoða	Skólastjórnendur	Skólaárið 2009 - 2010 Í vinnslu: Uppröðun hefur verið endurskoðuð og starfslýsingar eru í skoðun.
Niðurstöður samræmdra prófa greindar og umbætur unnar þar sem þörf krefur.	Vinna þarf á markvissari hátt með niðurstöður samræmdra prófa.	Fundur stjórnenda, verkefnisstjóra sérkennslu og kennara haldinn þegar niðurstöður liggja fyrir. Farið yfir niðurstöður og þær greindar. Unnið verði að því að móta mælikvarða sem tengist framförum nemenda á stöðluðum prófum frá 4. – 10. bekk.	Stjórnendur hafa yfirumsjón Hugsanlegt að leita til Námsmatsstofnunar um ráðgjöf	Skólaárið 2009 -2010

Markmið	Verkefni	Leiðir	Umsjón	Tími /Staða
Virkt upplýsingaflæði	19% starfsfólks finnst upplýsingagjöf skólans ekki nægileg. Upplýsingar um nemendur berast ekki til rétttra aðila. .	Upplýsingaflæði til gangavarða og stuðningsfulltrúa þarf að bæta Skapa þarf vettvang til upplýsingamiðlunar og hafa skýrar verklagsreglur um hver ber ábyrgð á að miðla upplýsingum. .	Deildarstjórar Skólastjórnendur Umsjónark.	Lokið: Fastir fundir skólaliða eru einu sinni í mánuði. Miðað er við að skólaliðar séu aðilar að teyllum um þá nemendur sem þeir koma að. Fundur er haldinn í hverri deild að hausti þar sem farið er yfir sérþarfir nemenda.
Skýr og jákvæð stefna um foreldra-samstarf	26% starfsfólks finnst stefna skólans um samstarf við heimilin ekki nægilega skýr.	Leitað verði með málið til skólaráðs og foreldrar beðnir um aðstoð við að afla upplýsinga um óskir og væntingar foreldra. SVÓT greining og hugflæði um stefnumótun meðal starfsfólks	Skólastjórnendur hafa yfirumsjón	Skólaárið 2009 - 2010
Nemendur fá hrós þegar þeir standa sig vel.	46% nemenda finnst þeim ekki hrósað þrátt fyrir að standa sig vel.	Áframhaldandi innleiðing SMT. Hvatning og samábyrgð Persónuleg markmið um fjölda hvalamiða.	Skólastjórnendur SMT teymi Allt starfsfólk	Í vinnslu: SMT teymi hefur leitað leiða til að hvetja starfsfólk til dáða og virkja það til þátttöku. 100 miða leikur fer fram tvisvar á vetri, reglur vikunnar eru áberandi í vikupistli og hengdar upp á gangi, SMT veggur sýnir hvaða bekkir fá reglubundna reglukennslu og hversu oft bekkir fá hvalaveislur. Skráð er niður hversu marga hvalamiða starfsfólk nýtir. Auk þess er fólk hvatt til dáða við öll hugsanleg tækifæri af SMT teymi. Hægt er að leita ráðgjafar hjá teyminu.

Markmið	Verkefni	Leiðir	Umsjón	Tími /Staða
Góður vinnufriður í bekkjum.	50% nemenda finnst vinnufriður ekki nægilegur	Sköpuð viðmið um góðan vinnufrið. Unnið áfram með bekkjarstjórnun í tengslum við SMT	Skólastjórnendur SMT teymi Kennarar	SMT teymi hefur innleitt ýmis verkfæri sem kennarar geta nýtt sér til að greina vandann. Hægt er að leita ráðgjafar hjá teyminu við úrlausn vandamála. Sameiginlegur staðall um skólastofuna hefur verið gefinn út og er fylgt eftir að verkefnisstjóra SMT. Aðal áhersla SMT í vetur tengist símenntunaráætlun skólans og snýst um að beita lausnaleit .
Að fyrirbyggja einelti	12 % nemenda telja sig verða vara við einelti í skólanum. 11% foreldra telja að börn sín séu lögð í einelti í skólanum 22% foreldra telur skólann geta unnið betur úr eineltis-málum Um 41% starfsfólks telur skólann geta unnið betur úr eineltismálum	Eineltisteymi heldur áfram sínu öflugra starfi SMT teymi er kennurum innan handar og vinnur að lausnum mála sem upp koma. Nemendur og nemendahópar eru teknir í viðtöl og unnið er að því að fyrirbyggja einelti. Hægt er að leita til eineltisteymis skólans og/eða nemendaverndarráðs Eineltisáætlun skólans þarf að þróa áfram og fylgja eftir Umsjónarkennarar leggja fyrir kannanir um líðan nemenda a.m.k. einu sinni á önn og greina hvort þörf er á inngripi.	Deildarstjóri SMT teymi Eineltisteymi Nemendavernd arráð Eineltisteymi og skólastjórnendur	Í vinnslu: Eineltisteymi hefur endurskoðað áætlun um viðbrögð við einelti og gert hana opinbera á heimasíðu skólans og í vegvísi. Plaköt hafa verið hengd í hverja stofu. Kynning á viðbrögðum við einelti fer fram í öllum bekkjum og haldin er forvarnarvika þar sem sérstaklega er unnið með samskipti og varnir gegn einelti. Stefnt er að því að leggja tengslakönnun fyrir í öllum bekkjum u.þ.b. einu sinni á önn með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi.
Góð umgengni í skólanum	69% starfsfólks og 41% nemenda er ósátt við umgengni í skólanum.	Snyrtivika efld. Hugflæði á deildafundum Hugmyndir frá SVÓT greiningu nýttar sem útgangspunktur.	Allt starfsfólk er samábyrgt.	Skólaárið 2009 - 2010

Grænt – lokið

Gult – í vinnslu

Hvítt – vinna ekki hafin

Símenntunaráætlun 2010

Tími	Þátttakendur	Efni	Leiðbeinandi/umsjón	Kostnaður
janúar – maí	Allt starfsfólk	SMT fræðsludagur. Lausnaleit. Fyrirlestrar og vinnuhópar sem miða að því að innleiða ný verkfæri og nýja hugsun og koma betur til móts við þarfir nemenda.	Elísa R. Ingólfssdóttir verkefnisstjóri Hjördís Jónsdóttir verkefnisstjóri	0
janúar-apríl	Allt starfsfólk	Sameiginleg framtíðarsýn Hvaleyarskóla: Innlegg frá stjórnendum og vinnuhópar starfsfólks.	Helgi Arnarson, skólastjóri Linda Hrönn Helgadóttir, þróunarstjóri	0
janúar – maí	Kennarar 1. og 2. bekkja auk sérkennara	Byrjendalæsi - innleiðing nýrra kennsluáðferða	Rósa Eggertsdóttir, sérfræðingur á Skólaþróunarsviði HA	Sótt um í aðra sjóði
janúar – maí	Sérkennarar og starfsfólk í kennsluúrræðinu Björg	Þróun kennsluúrræðis fyrir nemendur með hegðunarvandkvæði: Vinnuhópur miðlar aðferðum og þróar kennsluúrræðið.	Erla Gigja Garðarsdóttir, verkefnisstjóri sérkennslu	0
janúar - janúar	3 enskukennarar	Byrjendakennsla í ensku - Comeniusarverkefni	Evrópst samstarfsverkefni	Sótt um í aðra sjóði
janúar	Blandaðu hópur starfsfólks	Upplýsingaforritið Mentor , möguleikar og notkun	Úlfhildur Helga Guðbjartsdóttir, tölvukennari	10.000
janúar	Blandaður hópur starfsfólks	Grunnfærni í tölvusamskiptum	Úlfhildur Helga Guðbjartsdóttir, tölvukennari	10.000
febrúar	Allir kennarar	Fjölbreytni í kennsluáðferðum og námsmati Fyrirlestur	Ingvar Sigurgeirsson, lektor við Menntavísindasvið HÍ	100.000
febrúar	Allir kennarar	Fjölbreytni í kennsluáðferðum og námsmati Þróunarvinna um námsmat	Deildarstjórar hafa yfirumsjón	0
febrúar	Allir kennarar	Innleiðing bekkjarfunda í skólastarfi Fyrirlestur	Ásdís Haraldsdóttir	50.000
febrúar-maí	Allir umsjónarkennarar	Innleiðing bekkjarfunda í skólastarfi, þróun og handleiðsla.	Hafdís Sigmarsdóttir, verkefnisstjóri markvissrar málörvunar	40.000

Tími	Þátttakendur	Efni	Leiðbeinandi/umsjón	Kostnaður
febrúar	Hópur kennara	Námskeið um SMART töflu	Steindór V. Guðjónsson, tölvuumsjónarmaður	10.000
febrúar – maí	Hópur kennara	Handleiðsla Stuðningur við kennara til að fyrirbyggja kulhun í starfi.	Elín Jónasdóttir	85.500
apríl	Allt starfsfólk	Samvinnuaðferðir – Að ganga í takt	Karl Ágúst Úlfsson	50.000
maí	Foreldrar tilvonandi 1.bekkinga	Skólafærninámskeið – fyrri hluti	Anna Rós Bergsdóttir, deildarstjóri Hjördís Jónsdóttir, verkefnisstjóri SMT Linda Hrönn Helgadóttir, þróunarstjóri	100.000
ágúst	Allt starfsfólk	Hópefli með leikivafi - Gaman saman	Marta Eiríksdóttir	100.000
ágúst	Allt starfsfólk	Algengar geðraskanir barna	Eiríkur Þorvarðarson, yfirsálfræðingur á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar	0
ágúst	Allt starfsfólk	SMT fræðsludagur	Elísa R. Ingólfssdóttir verkefnisstjóri Hjördís Jónsdóttir verkefnisstjóri	0
september	Ritari	Fjármál og rekstur	Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn	Sótt um í aðra sjóði
ágúst - desember		Ýmis námskeið á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar Kennarar og annað starfsfólk	Vígfús Hallgrímsson hefur yfirumsjón	0
september	Allt starfsfólk	Aukin fjölbreytni í kennsluáðferðum , blöndun árganga og samkennsla. Heimsókn í Hvolsskóla:	Stjórnendur Hvolsskóla	150.000
október	Skólastjórar og deildarstjórar	Námsstefna Skólastjórafélags Íslands	Ýmsir	120.000
október	Skólastjórnendur og kennarar	Málþing Menntavísindasviðs HÍ	Ýmsir	0
nóvember- desember	Allt starfsfólk	Listasmiðja: starfsfólk hittist og velur á milli mismunandi verkefna sem list- og verkgreinakennarar hafa upp á að bjóða.	List- og verkgreinakennarar Hvaleyrarskóla	60.000

Heildarkostnaður: 885.500,00

Yfirlit um símenntun 2009

Dags.	Efni	Leiðbeinandi	Yfirlit
Janúar	Verkefnisstjórnun forystuskóla <i>Verkefnisstjóri í Markvissri málörvun</i>	Vigfús Hallgrímsson	Verkefnisstjóri forystuskólaverkefnið sótti námskeiðið
Janúar	Málþing Félags skólastjórnenda á Reykjanesi <i>Skólastjórnendur</i>	Stjórnun á krepputímum: Jóhann Ingi Gunnarsson Trommuhringur: Karl Ágúst Úlfsson Kynning á Gæðagreinum: Helga Harðardóttir Árangursstjórnunarkerfi í grunnskólum Hafnarfjarðar: Erla Guðjónsdóttir og Helgi Arnarson Sinn er siður í skóla hverjum: Sóley Halla Þórhallsdóttir	Skólastjórar og deildarstjórar sóttu málþingið
Janúar	SMT fræðsludagur <i>Allt starfsfólk</i>	Elísa R. Ingólfssdóttir verkefnisstjóri og Hjördís Jónsdóttir, Hvaleyrarskóla	Farið yfir SMT áherslur vetrarins og ný verkfæri kynnt.
Febrúar	Námskeið í Navison bókhaldsforriti <i>Ritari</i>	Agla Jónsdóttir	Ritari sótti námskeiðið.
Febrúar	Heilsuefling starfsfólks: stafaganga <i>Allt starfsfólk</i>	Páll Ólafsson íþróttakennari	15 kennarar tóku þátt í námskeiðinu.
Febrúar	Skóli án aðgreiningar: Erum við á réttri leið í vöfundarhúsinu? Horft fram á við. <i>Skólastjórnendur og kennarar</i>	Ráðstefna á vegum Menntavísindasviðs HÍ	Skólastjóri sótti ráðstefnuna
Febrúar - maí	PMT grunnmenntun <i>Námsráðgjafi</i>	Margrét Sigmarsdóttir	Deildarstjóri yngri- og miðeildar sótti námskeiðið.
Febrúar	Skerpla einstaklingsmiðað nám (Vallarskólaleiðin) <i>Íslenskukennarar á unglíngastigi</i>	Kristjana Hallgrímsdóttir og Guðbjörg Grímsdóttir	6 kennarar sóttu námskeiðið
Febrúar	Byrjendalæsi – valkostur í 1. og 2. bekk <i>Kennarar yngri barna</i>	Rósa Eggertsdóttir	Tveir kennarar sóttu námskeiðið. Sótt var um styrk til að innleiða byrjendalæsi í yngri bekk skólans og er það starf komið í fullan gang.
Febrúar	Lestur er línudans <i>Kennarar bóknámsgreina í 3.-10. bekk</i>	Rósa Eggertsdóttir	2 kennarar sóttu námskeiðið
Febrúar	Að nýta LOGOS í greiningum og lestrarstuðningi <i>Sérkennarar</i>	Helgi Gíslason og fulltrúar frá LOGOS	Sérkennarar sóttu námskeiðið

Dags.	Efni	Leiðbeinandi	Yfirlit
Febrúar	Markviss málörvun fyrir yngri deild <i>Kennarar yngri barna</i>	Hafdís Sigmarsdóttir, Hvaleyrarskóla	1 kennari sótti námskeiðið en tekið skal fram að Hafdís heldur reglulega fundi með kennurum vegna forystuskólaverkefnis og leiðir starfið innanhúss.
Mars	Að laða fólk til sín <i>Allt starfsfólk</i>	Sigríður Arnardóttir	Námskeiðið fór fram á starfsdegi og var mikil ánægja meðal starfsfólks með innlegg Sigríðar.
Mars	Lestrarprófun – mat á lestrarfærni <i>Kennarar yngri barna</i>	Jóhanna Valdimarsdóttir	2 kennarar sóttu námskeiðið
Mars	Nemendur með ADHD <i>Allt starfsfólk</i>	Urður Njarðvík	Fyrirlestur fór fram 2. mars. Urður gaf góða innsýn í þarfir þessara nemenda. Mikil ánægja með fyrirlesturinn.
Mars	Fæðuóþol og fæðuofnæmi <i>Heimilisfræðikennarar, matráður.</i>	Sæmundur fróði – símenntun á sviði matvælagreina.	Starfsmaður SS eldhúss sótti námskeiðið.
Apríl	Algengar geðraskanir barna <i>Allt starfsfólk</i>	Eiríkur Þorvarðarson, yfirsálfræðingur á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar	Fært til næsta skólaárs
Apríl	Ráðstefna á vegum HA 17.-18. apríl „Að kunna að taka í þann strenginn sem við á“ Fagmennska og starfsþróun kennara <i>Kennarar og stjórnendur</i>	Ýmsar smiðjur og ráðstefna Meðal fyrirlesara eru ; Arna Hólmfríður Jónsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannsson og Anna Kristín Sigurðardóttir.	Sleppt vegna fjárskortis
Mái	Skólafærni (fyrri hluti) <i>Foreldrar tilvonandi 1. bekkinga</i>	Kennarar í Hvaleyrarskóla	Gagnlegt námskeið þar sem helstu áherslur skólans voru kynntar fyrir foreldrum.
Ágúst	Skólafærni (seinni hluti) <i>Foreldrar 1. bekkinga</i>	Guðjón Ólafsson o.fl.	Hjördís Jónsdóttir var með innlegg um SMT, Björk Filipsdóttir hjúkrunarfræðingur fór yfir nokkur atriði varðandi skólaheilsugæslu og heilsueflingu og Margrét Elísabet Harðardóttir sérkennari kynnti byrjendalæsi, verkefni um lestrarkennslu í yngri deild.
Ágúst	Skyndihjálp og sálrænn stuðningur fyrir grunnskóla <i>Allt starfsfólk</i>	Rauði kross Íslands	Mjög gagnlegt námskeið haldið á haustdögum fyrir allt starfsfólk.

Dags.	Efni	Leiðbeinandi	Yfirlit
Ágúst	Vox – raddbeiting, námskeið í raddbeitingu kennara Allir kennarar	Jóhanna Halldórsdóttir	Sleppt
Ágúst - desember	Ýmis námskeið á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar Kennarar og annað starfsfólk	Umsjón Vigfús Hallgrímsson	8 starfsmenn sóttu námskeiðið Nýr í starfi – Skólakerfið í Hafnarfirði 12 starfsmenn sóttu námskeiðið PMT-kynningarnámskeið fyrir nýtt starfsfólk
September	Fjármál og rekstur Ritari	Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn	Frestað
September	Námskeið fyrir öryggisnefnd Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir	Vinnueftirlitið	Ákveðið var að fá vinnueftirlitið til að halda námskeið á vegum Hafnarfjarðarbæjar fyrir alla öryggistrúnaðarmenn.
September	Tölvukennsla fyrir starfsfólk Allt starfsfólk	Úlfhildur Guðbjartsdóttir, tölvukennari Hvaleyrarskóla	7 starfsmenn nýttu sér námskeið Úlfhildar.
September	Aukin fjölbreytni í kennsluaðferðum, blöndun árganga og samkennsla. Heimsókn í Hvolsskóla Allt starfsfólk	Stjórnendur og deildarstjórar Hvolsskóla	Frestað til næsta skólaárs.
September	Aukin fjölbreytni í kennsluaðferðum með aðstoð SMART töflunnar Allir kennarar	Varmás	Þrír kennarar nýttu sér námskeiðið. Boðið verður upp á námskeið um notkun SMART töflunnar innanhúss á næsta skólaári.
Október	Námstefna Skólastjórafélags Íslands Skólastjórar og deildarstjórar	Ýmsir	Skólastjórnendur sóttu námsstefnuna

Önnur endurmenntun á árinu 2009:

- Viðbótarnám kennara og annars starfsfólks
- Ýmis námskeið og fræðslufundir í tengslum við starfsþróun